

Vegagerðin
Helga Aðalgeirsdóttir
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2007080044
7617; 7620; 9310

Reykjavík, 9. febrúar 2009
/--

Efni: Axarvegur (939) og Hringvegur í Skriðdal og um Berufjarðarbotn. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Axarveg (939) og Hringvegur í Skriðdal og um Berufjarðarbotn í Djúpavogshreppi og á Fljótsdalshéraði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 26. nóvember 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Axarvegur (939) og Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Vegagerðin, nóvember 2008

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Djúpavogshreppi, Fljótsdalshéraði, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins, Samvinnunefnd miðhálandisins, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Djúpavogshreppi með bréfi dags. 6. janúar 2009, Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 29. desember 2008, Byggðastofnun með tölvubréfi dags. 11. janúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. desember 2008, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 17. desember 2008, Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu með bréfi dags. 12. desember 2008, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 19. desember 2008, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 5. janúar 2009, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. desember 2008 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 19. desember 2008. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 5., 13., 21. janúar 2009. Ekki barst umsögn frá Samvinnunefnd

miðhálandisins. Ein athugasemd, frá Ásmundi Ásmundssyni barst Vegagerðinni eftir að kynningartíma lauk sem Vegagerðin framsendi Skipulagsstofnun.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Vegagerðarinnar dags. 5., 13., 21. janúar 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 1.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdatíma. Þar kemur m.a. fram að engar áætlanir um áfangaskiptingu liggi fyrir á þessu stigi. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hugsanlegri áfangaskiptingu fyrirhugaðra framkvæmda.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 1.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vegkosti. Í frummatsskýrslu þarf umfjöllun að vera sambærileg hvað varðar áhrif á umhverfi þeirra kosta sem lagðir eru fram til athugunar Skipulagsstofnunar og skýr rökstuðningur fyrir því ef kostur, sem er kynntur í tillögu að matsáætlun, er ekki lagður fram í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun bendir á að í 18 gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum kemur fram í lið 3 e að í frummatsskýrslu skuli koma fram samanburður á umhverfisáhrifum þeirra kosta sem kynntir eru og rökstuðningur fyrir vali framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa. Þá bendir stofnunin á að leiði matsvinna í ljós að breytingar hafi verið gerðar á veglínunum frá því sem gert var ráð fyrir í tillögu að matsáætlun sé greint skilmerkilega frá því í frummatsskýrslu og þær rökstuddar.

Skipulag og leyfi

Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samræmi við skipulagsáætlanir. Þar kemur m.a. fram að í greinargerð með aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 sé ekki fjallað um Axarveg eða lagfæringar á honum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir stöðu aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var til auglýsingar 19. nóvember sl. og samræmi fyrirhugaðrar framkvæmda við skipulagið auk þess að gera grein fyrir stöðu aðalskipulags Djúpvogshrepps.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.1.11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnafar og vatnsverndarsvæði. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf, í samræmi við ábendingar í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, að koma fram að farið verði eftir leiðbeiningum heilbrigðiseftirlitsins um varúðarráðstafanir hvað varðar geymslu olíu, viðhald véla og fleiri atriði sem eiga við þegar unnið er að framkvæmdum innan vatnsverndarsvæða.

Afrit: Umsagnaraðilar: Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað, Byggðastofnun Guðmundur Guðmundsson, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu Árni Ísaksson, Landgræðsla ríkisins, Samvinnunefnd miðhálandisins, Skógrækt ríkisins, Hallgrímur Indriðason, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands Tómas Jóhannesson, Ásmundur Ásmundsson, Brekkugerði 11 730 Fjarðabyggð